

Ed.

51. Frumvarp til laga

[48. mál]

um breyting á lögum nr. 107 28. október 1970, um félagsheimili.

Flm.: Helgi F. Seljan, Alexander Stefánsson, Bragi Nielsson,
Stefán Jónsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Menningarsjóði félagsheimila skal sett sérstök stjórn þriggja manna, sem annars vegar skipuleggi í samráði við félagsheimilin þá menningarstarfsemi, sem til er ætlast að sjóðurinn styrki, og tryggi þá starfsemi sem víðast um landið og veiti að öðru leyti styrki úr sjóðnum til menningarstarfs.

Stjórnin skal skipuð einum fulltrúa ráðuneytisins, sem sé formaður sjóðsstjórnar, einum fulltrúa frá Bandalagi íslenskra leikfélaga og einum fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Úthlutun úr sjóðnum skal árlega birt opinberlega, t. d. í fréttabréfi menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um félagsheimili, 2. gr., er ákvæði, sem kveður á um það, að 10% af tekjum sjóðsins renni í Menningarsjóð félagsheimila skv. nánari ákvörðun þar um til hvers renna skuli.

Hér er um merkilegan og ágætan sjóð að ræða, sem miklu góðu hefur til leiðar komið og margt nýtsamlegt gert.

1. flm. þessa frv. hefur áður á Alþingi vikið sérstaklega að sjóði þessum í fyrirspurn um úthlutun fjár úr honum og undirstrikaði þá nauðsyn þess, að heimaaðilar væru studdir rækilega í menningarviðleitni sinni, en þess gætt, að ekki yrði um ofmötun að ræða frá höfuðborgarsvæðinu, þar sem flestir listamenn okkar í öllum helstu greinum teljast eiga heimilisfestu.

Flm. þessa frv. eru þeirrar skoðunar, að þetta hafi bærlega tekist það best þeir vita, en hins vegar liggur hvergi fyrir opinberlega, hvornig úthlutun fer fram né hverjir hljóta. Eflaust má fá þær upplýsingar greiðlega í menntamálaráðuneytinu, en þær eru vitanlega ekki tiltækar fólki almennt og allt of mörgum, sem við menningarstarfsemi fást í félagsheimilum landsins, er ókunnugt um möguleika sína á aðstoð úr sjóðnum til meiri háttar menningarviðburða. Aðrir hafa hins vegar verið duglegir hið besta í þessu og er ekkert nema gott um það að segja.

Í lögum er ekkert ákveðið um sjóðsstjórn. Þykir okkur flm. sjálfsagt að yfir sjóðnum sé sérstök stjórn, sem sé um margt í betri tengslum við menningaraðila landsbyggðarinnar og forráðamenn félagsheimilanna, þó ekki sé undan núverandi fyrirkomulagi kvartað. Þessu hyggjast flm. ná með því, að í stjórn sjóðsins sitji auk fulltrúa ráðuneytisins, sem sé sjálfsagður formaður, tveir aðilar, annar frá Bandalagi ísl. leikfélaga, sem í eru nú yfir 70 félög, sem víðast eru hvað virkust í meiri háttar menningarstarfsemi, og hinn aðilinn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem þess aðila, er nánast snertir almennan rekstur í félagsheimilanna, þ. e. sveitarfélaganna í landinu.

Flm. geta hins vegar fyllilega sætt sig við fjölgun í sjóðsstjórn, ef það mætti verða til samkomulags.

Til greina kæmi vissulega aðili eins og Ungmennafélag Íslands, en ef velja skal á milli verður að telja Bandalag ísl. leikfélaga eðlilegri aðila sakir þess, hve víðamikil og dýr menningarstarfsemi þeirra er sú víðamesta á landsmælikvarða, má fullyrða. Þess má einnig geta, að nær öll ungmennafélög, sem hafa fasta leikstarfsemi árlega, eru aðilar að Bandalagi ísl. leikfélaga.

Í öðru lagi þykir flm. sjálfsagt að úthlutun þessi sé opinber, t. d. með birtingu í fréttabréfi menntamálaráðuneytisins, sem víða fer og er hið ágætasta upplýsingarit.